

# Danshús á Íslandi

Húsnæðismál, rýmisþörf og þróun áhorfendafjölda

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir  
Nýsköpunarsjóður námsmanna 2017





## Útdráttur

Þessi skýrsla er unnin fyrir Samtök um Danshús, Íslenska dansflokkinn og Reykjavík Dance Festival. Skýrslunni er ætlað að kynna fyrstu skref í stofnun og rekstri danshúss á Íslandi ásamt núverandi stöðu í húsnæðismálum greinarinnar. Danshús er ekki til hér á landi, en slíkar stofnanir finnast með ýmsu sniði víða um heim og byggja á mismunandi hugmyndafræði, verkefnastjórnun og rekstrarfyrirkomulagi. Rannsóknin er þríþætt. Fyrsti hluti hennar snýr að tillögum á mögulegu húsnæði út frá fyrirliggjandi þarfagreiningu og úttekt vinnuhóps. Annar hluti leggur drög að skipulagningu dansárs þar sem starfsemi hússins verður tilgreind frekar. Þriðji hlutinn snýr að því að velta upp mögulegri aukningu í áhorfendafjölda með tilkomu húss sem hæfir danslistinni. Markmið rannsóknar er að samþætta sjónarmið mismunandi hagsmunahópa og setja í kynningarbært form sem hægt er að nýta frekar við uppbyggingu dansgreinarinnar hér á landi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að enn sé langt í land hvað varði raunhæfa möguleika á danshúsi í Reykjavík. Slík bygging er hins vegar nauðsynleg framþróun og starfsöryggi greinarinnar og jafnframt nýr og spennandi valkostur í listum og menningu á höfuðborgarsvæðinu.

## Efnisyfirlit

|                                                      |    |
|------------------------------------------------------|----|
| Myndaskrá.....                                       | 4  |
| Töfluskrá.....                                       | 4  |
| 1. Inngangur.....                                    | 5  |
| 2. Aðdragandi.....                                   | 7  |
| 3. Rannsóknaraðferð.....                             | 9  |
| 4. Staðan í dag.....                                 | 10 |
| 4.1. Þarfagreining: Hvað skal rúmast í danshúsi..... | 12 |
| 4.2. Húsnæðisúttekt.....                             | 13 |
| 4.2.1. Bráðabirgðahúsnæði.....                       | 13 |
| 4.2.2. Framtíðarhúsnæði.....                         | 15 |
| 5. Skipulagning dansárs.....                         | 17 |
| 5.1. Æfingastúdíó.....                               | 17 |
| 5.2. Leikhús.....                                    | 18 |
| 6. Uppbygging áhorfendafjölda.....                   | 19 |
| 7. Umræða.....                                       | 22 |
| Heimildir.....                                       | 24 |

## **Myndaskrá**

|                                         |    |
|-----------------------------------------|----|
| Mynd 1. Tímalína nokkurra danshúsa..... | 23 |
|-----------------------------------------|----|

## **Töfluskrá**

|                                                                          |    |
|--------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1. Skipting stúdíóa eftir mánuðum.....                             | 18 |
| Tafla 2. Skipting leikhúss eftir mánuðum.....                            | 18 |
| Tafla 3. Dansehallerne, áhorfendafjöldi 2010-2016.....                   | 20 |
| Tafla 4. Reykjavík Dance Festival áhorfendafjöldi 2013-2016.....         | 20 |
| Tafla 5. Áhorfendatölur Íslenska dansflokksins innanlands 2012-2016..... | 21 |

## 1. Inngangur

Á síðustu áratugum hafa fræðimenn rannsakað hvaða hlutverk lista- og menningarstofnanir geti átt í uppbyggingu sveitarfélaga, borga og bæja. Fjöldi fræðigreina (Strom, 2002; Stern og Seifert, 2010; Lloyd, 2002; Grodach, 2011; Currid, 2007) um mikilvægi menningarstofnana fyrir byggðastefnu hafa til að mynda verið skrifaðar og menningarstefnur og menningartengd verkefni verið upphugsuð á ný með áherslu á hagræn áhrif borga og borgarskipulags (Strom, 2003). Sveitarfélög og borgarstjórnir hafa snúið sér í auknum mæli að söfnum, sviðslistamiðstöðvum, listahverfum og annarri uppbyggingu listgreina, til að efla og endurnýja nærliggjandi umhverfi (Grodach og Loukaitu-Sideris, 2007).

Ávinningurinn sem hlýst af menningar- og listahúsum hefur lítið verið rannsakaður hér á landi en þó nokkur fjöldi hagfræðigreina hefur jafnframt verið skrifaður sem snýr almennt að hagrænum áhrifum skapandi greina (Boix-Domenech og Soler-Marco, 2015; De-Miguel-Molina, 2012; Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011). Í samfélagsumræðu má hins vegar greina núning og andstöðu þar sem steinsteypu og byggingarkostnaði ásamt almennum rekstri og arðsemi er oftast en ekki stillt upp andspænis umræðu um óefnislegt gildi listar í stað þess að líta á þessa tvo þætti sem samverkandi og samefandi (Jóhanna Margrét Gísladóttir, 2012; Atli Þór Fanndal, 2016, Hutter og Throsby, 2008). Sú umræða undirstrikar enn frekar þörfina á að kortleggja fjárhagslegan og listrænan ávinning þess þegar mismunandi rekstrareiningar ákveðinnar listgreinar eru settar undir sama þak. Með því móti má færa víðari rök fyrir tilvist slíkra menningarhúsa gagnvart fjárveitingarvaldi hins opinbera, og leggja frekari lóð á vogarskálar þeirra listgreina sem enn hafa ekki hlotið húsnæði.

Hér á landi hafa þó nokkrar íslenskar listgreinar fengið úthlutað eigin húsnæði undir starfsemi sína. Þar ber helst að nefna tónlistarhúsið Hörpu sem hýsir starfsemi Íslensku óperunnar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Stórsveitar Reykjavíkur auk margvíslegra viðburða sjálfstæðu tónlistarsenunnar (Harpa, e.d.). Bíó Paradís er jafnframt samstarfsvettvangur ólíkra hagsmunaaðila innan kvikmyndaiðnaðarins, meðal annars dreifingaraðila kvikmynda, Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands (Bíó Paradís, e.d.). Þá fengu Nýlistasafnið, Kling og Bang Galleríið og Ólafur Elíasson Marshall húsið úti á Granda afhent á síðasta ári til uppbyggingar myndlistar á Íslandi (Reykjavíkurborg, 2016). Af öðrum húsum eða yfirbyggingum má nefna Gunnarshús, hús ritlistarinnar og Hönnunarmiðstöð.

Einhverjar listgreinar eru þó ekki komnar með húsnaði. Þar ber helst að nefna danslistina, en áhrifafólk innan greinarinnar segir dansara sárlega skorta danshús sem hýsi starfsemi Íslenska dansflokksins, Dansverkstæðisins, Reykjavík Dance Festival og sjálfstæðra danshópa. (Karen María Jónsdóttir og Ólöf Ingólfssdóttir, 2007). Í Evrópu má finna tugi danshúsa sem hafa það að markmiði að sýna og efla danslistina en Ísland hefur hins vegar setið eftir hvað þetta varðar. Í dag er danslistin ein af fáum listgreinum sem skortir varanlegt heimili þó íslenskir danslistamenn hafi af sjálfsdáðum náð miklum árangri í uppbyggingu greinarinnar síðastliðin ár. Fjármagn, aðstöðu og aðbúnað skortir nú sárlega svo tryggja megi vöxt og festu til frambúðar. Þessari skýrslu er ætlað að kynna núverandi stöðu í húsnaðismálum danslistarinnar og hvað þurfi að gerast svo hægt sé að stofna og reka danshús á Íslandi.

Sú rannsóknarvinna sem hér er kynnt, var unnin í samvinnu við vinnuhóp sem skipaður var af Samtökum um Danshús og ætlað að takast á við húsnaðisvanda greinarinnar í heild. Í vinnuhópnum eiga sæti fulltrúar Íslenska dansflokksins, Dansverkstæðisins og Reykjavík Dance Festival. Ætlunin með vinnuhópnum er að ná utan um og samþætta sjónarmið mismunandi hagsmunahópa innan danslistarinnar og koma í kynningarbært form sem hægt er að nýta í frekari baráttu. Rannsakandi safnaði gögnum og upplýsingum með setu í vinnuhópnum og ræddi við aðila sem hafa verið áberandi í baráttunni innan dansgeirans. Auk þess var tölfræðigögnum safnað frá danshúsum á Norðurlöndum og sambærilegum menningarstofnunum hérlendis. Annmarkar rannsóknarinnar snúa helst að því að einungis er um sjónarhorn danslistar að ræða. Ekki var rætt við þá sem snúa að málaflokknum innan ríkis og borgar. Hins vegar leggur rannsakandi sig fram við að fá sem fjölbreyttast sjónarhorn frá ólíkum aðilum sem starfa við eða tengjast danslistinni.

Ritgerðin skiptist í sjö þætti að inngangi meðtöldum. Í öðrum hluta verður farið yfir sögu og aðdraganda baráttu dansara fyrir danshúsi á Íslandi. Í þeim þriðja verður farið yfir rannsóknaraðferð. Í fjórða hluta verður fjallað um tillögur að mögulegu framtíðarhúsnaði, að meðtöldum þeim bráðabirgðalausnum sem leitað var í eftir að ljóst var að fjármagn fengist ekki til uppbyggingar danshúss á þessu ári. Í þeim fimmta verður lögð fram tillaga að því hvernig dansár í danshúsi gæti litið út. Þannig verður skipting æfinga og sýningarýmis milli sjálfstæðra hópa, Íslenska dansflokksins og annarra hagsmunaaðila skilgreind og sett fram á sjónrænan hátt. Í sjötta hlutanum verður áhorfendafjöldi sambærilegra menningarstofnana borinn saman við áhorfendatölur Íslenska dansflokksins og Reykjavík Dance Festival. Loks verða umræður og niðurstöður dregnar saman í sjöunda og síðasta hluta ritgerðarinnar.

## 2. Aðdragandi

Það má segja að umræðan um danshús á Íslandi hafi byrjað af alvöru árið 2001 þegar fyrstu hugmyndir um slíka stofnun voru viðraðar opinberlega af hálfu dansara og danshöfunda. Nokkrum árum síðar safnaði Dansleikhús með EKKKA fyrir danshúsi með átaki í Þjóðleikhúsinu sem tekið var hústöku í einn dag. Söfnunin var að mörgu leyti táknræn en vakti samt sem áður athygli á málefninu og þeirri staðreynd að danslistin væri heimilislaus (Félag íslenskra listdansara, 2017) .

Árið 2008 kom út greinargerð á vegum FÍLD sem bar heitið "*Tillögur að Danshúsi - Miðstöð fyrir samtímadans á Íslandi*" (2010). Í greinargerðinni var kallað eftir stofnun danshúss sem rúmaði marga þætti danslistarinnar. Ætlunin var að byggja danshúsið upp í áföngum, fjölga markvisst verkefnum og nýta sér samlegðaráhrif af samstarfi við aðra aðila. Þannig átti að margfalda áhrif danslistamanna og efla vöxt og festu greinarinnar. Þremur árum eftir að skýrslan kom út var gefin út dansstefna 10/20 að frumkvæði FÍLD með þátttöku danssamfélagsins. Stefnan var ætluð stjórnsýslunni, sveitarfélögum, menningar- og skólastofnunum, útflutningsaðilum, fagfélögum og danslistamönnum sjálfum. Þar var stiklað á helstu þáttum svo ná mætti árangri í uppbyggingu greinarinnar ásamt því að setja fram stefnumótun og markmiðssetningu fram til ársins 2020. Í dansstefnunni stendur:

*„Aðgengi að listdansi er eins og lottó, tilviljunum háð og aðeins á færi þeirra sem búa nærri sölustað hverju sinni. Tryggja þarf almennt og stöðugt aðgengi almennings að listdansi og skapa rými fyrir dansinn þar sem hann er í forgrunni. Tilkoma Danshúss í höfuðborginni kemur á beinum tengslum milli danssamfélagsins og almennings.“*

Fyrir tíu árum voru því kröfur danslistamanna um danshús skýrar og í samræmi við þá starfsemi sem gengur og gerist í danshúsum á Norðurlöndum. Seinna sama ár, 2010, var stofnfundur Samtaka um Danshús haldinn á Skúlagötu 28 í gömlu Frón Kexverksmiðjunni og nokkrum mánuðum seinna var Dansverkstæðinu komið á fót með stuðningi borgarráðs og menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. Með því má segja að fyrsti liðurinn í uppbyggingu danshúss hafi hafist af alvöru (Félag íslenskra listdansara, 2017)

Frá 2010-2015 hægðist á danshúsmálum. Að vissu leyti má segja að Dansverkstæðið hafi mettað þörf sjálfstæðra danslistamanna um sinn og fyrstu árin fóru í að tryggja rekstrargundvöll þess og frekari uppbyggingu starfseminnar. Á sama tíma fór mikil orka í

baráttu listdanssskólanna fyrir auknu fjármagni á hvern nemanda og skiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna náms á grunn og framhaldsstigi. Danshúsið mætti afgangi því takmörkuðum tíma og sjálfböðavinnu stjórnarliða FÍLD þurfti að forgangsraða. Á stjórnarfundum FÍLD í ágúst 2014 upphófst þó umræða um hvað hægt væri að gera til að efla enn frekar baráttuna um danshús. Í framhaldi af því sendi formaður bréf á Íslenska dansflokkinn, Listaháskóla Íslands, Reykjavík Dance Festival og Samtök um Danshús. Í bréfinu var lögð fram tillaga um stofnun vinnuhóps sem ynni markvisst að uppbyggingu danshúss í Reykjavík, kynnti skýrslu þess efnis fyrir ríki og borg og byggði til gagnvirkta samtal milli hagsmunaaðila vegna málsins. Í vinnuhópinn skipaði hver stofnun einn fulltrúa og fulltrúi Samtaka um Danshús var skipaður formaður hópsins.

Vinnuhópur um danshús tók til starfa í breyttri mynd 2016 með fulltrúum Samtaka um Danshús, Reykjavík Dance Festival og Íslenska dansflokksins og hefur að óbreyttu starfað til dagsins í dag. Þrátt fyrir tilkomu Dansverkstæðisins er langt í land hvað varðar stofnun danshúss eins og hugmyndin var útlistuð í Dansstefnunni. Þannig hefur húsnæðis- og aðstöðuleysi enn mikil áhrif á framþróun í greininni.

### 3. Rannsóknaraðferð

Engin formleg rannsóknarvinna hvað varðar danshús hefur verið unnin hérlandis og því var um tiltölulega óþlæggðan akur að ræða þegar kom að því að ákveða rannsóknarsnið. Ákveðið var að skipta rannsókninni upp í tvo hluta, eigindlegan og meginindlegan.

Eigindlegi þátturinn var vettvangsrannsókn þar sem rannsakandi gerðist þátttakandi og sat fundi með áðurnefndum vinnuhóp og skrásetti það sem fyrir augu bar. Rannsakandi sat jafnframt sértækari vinnufundi með færri einstaklingum og fór með þeim í vettfangsferðir þar sem mögulegt húsnæði var skoðað og metið, rætt var við fasteigna- og leigusala ásamt arkitektum, auk fulltrúa ríkis og sveitarfélaga. Rannsakandi tók niður punkta úr viðtölum og bar þá saman við fyrirliggjandi gögn um önnur danshús á Norðurlöndum, auk þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um baráttu fyrir danshúsi á Íslandi. Með þessum hætti fékk rannsakandi heildstæða yfirsýn yfir þá starfsemi sem fyrir liggur að verði í danshúsi, stöðu mála í dag og þá áfanga sem þurfa að nást svo markmiðið verði að veruleika.

Annar hluti rannsóknarinnar sneri að skipulagningu innan danshúss. Í því samhengi skoðaði rannsakandi æfinga og sýningartíma Íslenska dansflokksins og stundatöflur Dansverkstæðisins. Út frá því setti rannsakandi saman drög að starfsári í danshúsi. Dansárið sem hér er sett fram er einungis tillaga, en gefur engu að síður nokkuð góða hugmynd um nýtingu á sölum og leikhúsi út frá fyrirliggjandi gögnum.

Þriðji hluti rannsóknarinnar sneri að gagnasöfnun. Erfiðlega gekk hins vegar að safna gögnum og fá svör bæði innanlands og erlendis. Því var brugðið á það ráð að notast við lýsandi tölfraði í bland við viðtöl til að varpa upp skýrari mynd af því sem gerist þegar listgreinar fá hús. Haft var samband við alla listrænu stjórnendur danshúsa á Norðurlöndum. Þá voru sendir tölvupóstar á forsvarsmenn Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins, Marshall hússins og Tjarnarbíós. Þau svör sem fengust voru notuð til að setja saman þriðja hluta rannsóknarinnar.

Hugmyndin að rannsókninni sprettur út frá bakgrunni rannsakanda sem dansara og danshöfundar. Í störfum sínum innan danslistageirans fékk rannsakandi áhuga á því að skoða betur möguleika á uppbyggingu danshúss á Íslandi. Rannsakandi hefur unnið í slíkum húsum erlendis og hefur yfirgripsmikla þekkingu á málinu gegnum vinnu sína sem formaður FÍLD 2011-2013. Markmið rannsóknar er að styrkja grunn danslistar á Íslandi með því að koma með tillögur að rekstrargrundvelli danshúss útfrá húsnæði, rekstri og samþættingu ólíkra sjónarhorna innan geirans.

#### 4. Staðan í dag

Í maí 2017 lá fyrir að Dansverkstæðið myndi missa húsnæði sitt við Skúlagötu síðsumars vegna framkvæmda í miðborginni. Að sama skapi átti Íslenski dansflokkurinn (ÍD) stutt eftir af leigusamningi sínum við Borgarleikhúsið. Það setti aukinn þrýsting á hagsmunaaðila að finna lausn á viðvarandi húsnæðisvanda greinarinnar í heild. Í dag er staðan þessi:

**Íslenski dansflokkurinn** leigir vinnu og sýningaraðstöðu í Borgarleikhúsinu en hlutfall leigu af fjárframlögum er sextán prósent. Skrifstofur, búningsherbergi og kaffiaðstaða dansflokksins eru í kjallara en æfingaaðstaðan er staðsett á fjórðu hæð. Mikill umgangur er um bæði æfingasalinn og kjallarann sem veldur truflunum á vinnu. Þá getur dansflokkurinn ekki sinnt allri þeirri starfsemi sem kveðið er á um í reglugerð flokksins, s.s. fræðslustarfi sökum skorts á hentugu húsnæði. Sambúðin við Borgarleikhúsið hefur dregið úr sjálfræði dansflokksins en hann sníður til að mynda sýningartíma sína utan um dagskrá leikfélagsins. Ímynd hans ber jafnframt skaða af sambýlinu, en dæmi eru um að áhorfendur líti á dansflokkinn sem hluta af Borgarleikhúsinu en ekki sjálfstæða stofnun. Slíkt ímyndarleysi skerðir tekjumöguleika verulega. Loks má nefna að ekkert geymslurými er í Borgarleikhúsinu fyrir leikmyndir og leikmuni. Þar sem ÍD ferðast með sýningar jafnvel svo árum skiptir er nauðsynlegt að geta geymt leikmuni og leikmyndir þannig að þær séu til taks, bjóðist flokknum að sýna utan landssteinanna.

**Dansverkstæðið** hefur misst húsnæði sitt á Skúlagötunni og sett allt dót tímabundið í geymslu. Missir húsnæðisins hefur stefnt starfsemi þess í hættu og Dansverkstæðið er þessa stundina að leita leiða til að tryggja áframhaldandi rekstur í samstarfi við ríki og borg. Á Skúlagötu bjó Dansverkstæðið við hagstæða leigu sem kom til vegna aðstæðna á húsnæðismarkaði árið 2010 þegar Dansverkstæðið var stofnað. Búast má við að kostnaður á nýjum stað verði mun hærri en nú. Standsetning nýs rýmis mun einnig kosta sitt. Fyrir liggur að Dansverkstæðið þurfi aftur að finna sér bráðabirgðahúsnæði til að brúa bilið milli þess sem er nú og framtíðardanshúss.

**Sjálfstæðir danshöfundar** hafa til þessa haft æfingaaðstöðu á Dansverkstæðinu og sýningaraðstöðu í Tjarnarbíói. Glatist æfingaaðstaðan hafa sjálfstætt starfandi danshöfundar og danshópar enga skilgreinda aðstöðu til að sinna listsköpun og æfingum. Lengi vel var sýningaraðstaða Tjarnarbíós ekki hentug til danssýninga sökum þess hve brött áhorfenda-

brekkan var. Það gerði það að verkum að dansverk með áherslu á gólfvinnu (e. *floorwork*) voru lítt sjáanleg þeim sem efst sátu. Þetta hefur nú verið lagað en næstum öll sjálfstæð dansverk eru sýnd í Tjarnarbíói. Þó má fullyrða að skortur sé á stærra sviði fyrir sjálfstæða danshöfunda enda ekki allar danssýningar sem henta fyrir svið af þessari stærðargráðu.

**Reykjavík Dance Festival** er með skrifstofuaðstöðu á Dansverkstæðinu og nýtir æfingasali þess fyrir listamenn sem sýna á hátíðinni, fyrir listamannadvalir og vinnustofur á vegum hátíðarinnar. Hátíðin nýtir sér mismunandi rými borgarinnar til sýninga en er aldrei með örugga sýningaraðstöðu í leikhúsum borgarinnar. Af þessari ástæðu hefur hátíðin lagt sérstaka áherslu á verk í óhefðbundnum rýmum, en þrátt fyrir það er skortur á sýningaraðstöðu mikill og hefur gríðarleg áhrif á þróun hátíðarinnar.

**Listdanssskólar** í Reykjavík hafa á síðustu árum háð baráttu fyrir auknu fjármagni til skólanna. Sveitarfélögin hafa til þessa ekki stutt við grunnskóladeildir listdanssskólanna líkt og þau gera í tilviki tónlistarskólanna í borginni. Þá fer enginn með málefni listdanssskólanna innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins eins og er. Að sama skapi gerir fjölgun nemenda það að verkum að vöntun er á aukastúdíóum fyrir skólana. Nokkrir þeirra hafa leigt sali af Dansverkstæðinu til að koma til móts við aukna eftirspurn.

**Samtímadansbraut Listaháskóla Íslands** hefur verið í bráðabirgðarhúsnæði frá því að brautin opnaði fyrir tólf árum. Fyrsta árið hafði brautin ekkert skilgreint húsnæði en nemendur tóku tíma með Íslenska dansflokknum og notuðu húsnæðisaðstöðu Listdanssskóla Íslands og Kramhússins undir námskeið og tæknitíma. Í dag hefur brautin aðsetur í bráðabirgðaskúr fyrir utan Sölvhólsgötu þar sem sviðslistabrautin er staðsett.

Af þessu að dæma virðist húsnæðisvandi einkenna alla þætti greinarinnar og hafa áhrif á unga dansnemendur allt upp í atvinnudansara. Sameiginlegt danshús með aðstöðu gæti leyst þennan húsnæðisvanda og jafnframt eflt tengslanet milli ólíkra eininga. Líkja mætti því við nokkurs konar klasa en fræðimenn skilgreina klasa sem landfræðilegar þyrpingar tengdra fyrirtækja í samvinnu og samkeppni hvort við annað (Porter, 2000; Spencer o.fl. 2010; Perroux, 1955; Vernon, 1966). Aðrir fræðimenn lýsa og skilgreina menningarstofnanir sem yfirbyggingu margra þátta einnar listgreinar, þar sem tilgangurinn er ekki einungis að búa til efnislegt virði heldur líka óefnislegt (Kolb, 2005; Sewell, 2004; Hodgson, 2006). Líkindin eru nægileg til að hægt sé að færa rök fyrir því að rekstur slíkra stofnana byggji á sömu

hugmyndafræði en samkvæmt hugmyndum dansara um danshús í Reykjavík er því einmitt ætlað að hýsa ólíkar einingar sömu listgreinar. Danshús gæti þannig skapað virði ekki einungis fyrir greinina sjálfa heldur líka nærliggjandi umhverfi. Menningarhús laða til að mynda að aðra starfsemi og styrkja samkeppnisgrundvöll allra hlutaðeigandi eininga og oftast er það regla frekar en undantekning að áhorfendatölur aukist í viðkomandi listgrein þegar henni er fundið hús við hæfi (Kirchner og Ford, 2011).

#### **4.1. Þarfagreining - Hvað skal rúmast í danshúsi?**

Danshúsi er ætlað að vera miðstöð samtímadans á Íslandi, skapa greininni starfsöryggi og auka aðsókn. Það stuðlar að lifandi byggðastefnu og lífgar upp á borgarbraginn með því að laða að mannlíf, verslun og þjónustu. Þá er dansinn alþjóðleg listgrein og því gæti danshús verið alþjóðlegt aðráttarafl. Vinnuhópur um danshús gerði þarfagreiningu þar sem aðstöðu og aðbúnaði danshúss var skipt upp í eftirfarandi hluta; skrifstofu/fundaraðstöðu, leikhús, æfingasali/búningaaðstöðu og loks aðra tilfallandi starfsemi. Hver flokkur hefur síðan eftirfarandi undirflokka:

##### **Skrifstofu- og fundaraðstaða:**

- *Aðsetur forstjóra*
- *Aðsetur skipulagsstjóra*
- *Aðsetur verkefnastjóra*
- *Aðsetur RVK Dance Festival*
- *Aðsetur Lókal leiklistarhátíðar*
- *Aðsetur fagfélaga*
- *Skrifstofa Íslenska dansflokksins*
- *Aðsetur tæknistjóra*
- *Gestaskrifstofur*
- *Fundarherbergi*

##### **Æfinga- og búningaáðstaða:**

- *Æfingasalur 1*
- *Æfingasalur 2*
- *Æfingasalur 3 (Pilates, Yoga, teygjustúdíó)*
- *Æfingasalur 4 (ÍD)*
- *Æfingasalur 5 (ÍD)*
- *Búningsherbergi með sturtum*

**Leikhús:**

- *Black Box (18x30m)*
- *Förðunar- og hárgreiðsluherbergi*
- *Tæknigeymsla*
- *Leikmunageymsla Íslenska dansflokksins*
- *Búningageymsla Íslenska dansflokksins*
- *Saumaaðstaða*
- *Verkstæði*

**Önnur starfsemi:**

- *Veitinga- og kaffihús*
- *Anddyri*
- *Miðasala*
- *Fatahengi*
- *Gestaíbúðir*

**4.2. Húsnæðisúttekt**

Leitin að húsnæði fyrir danslistina er tvíþætt og snýr annarsvegar að húsnæði sem leysir bráðabirgðavanda Dansverkstæðisins og hins vegar framtíðarhúsnæði. Vinnuhópurinn hefur vegið og metið tvo kosti í því samhengi með aðstoð arkitekta og sérfræðinga; hvort hagstætt væri að byggja danshús frá grunni og hvort hægt væri að aðlaga byggingu sem nú þegar væri til að þarfagreiningu danshúss. Það varð fljótt ljóst að töluvert kostnaðarsamara væri að byggja danshús frá grunni og erfitt yrði að kosta slíka byggingu með styrk frá ríki og borg. Hvað staðsetningu varðar þá þarf danshús að vera miðsvæðis með auðveldu aðgengi fyrir bæði listamenn og áhorfendur. Þá þarf að gæta þess að starfsemin falli að því sem fyrir er á svæðinu og trufla ekki nágranna um of.

**4.2.1 Bráðabirgðahúsnæði**

Hér á eftir verða útlistaðar nokkrar tillögur að bráðabirgðahúsnæði sem brúað gæti bilið milli Skúlagötu 30 og danshúss. Fulltrúar Samtaka um Danshús hafa haft ýmiskonar þætti leitinni til hliðsjónar, s.s. standsetningarkostnað, rými, staðsetningu og aðstöðu.

**Hjarðarhagi 47** hýsti áður þjónustumiðstöð Vesturbæjar og er 674fm skrifstofu- og þjónustuhúsnæði á tveimur hæðum. Á jarðhæð er 170 fermetra opið rými með stórum gluggum og góðri aðkomu fyrir framan húsið. Úr rýminu er gengið upp á 2. hæð sem er 486fm og er innréttuð sem skrifstofa. Næg bílastæði eru við húsið, bæði fyrir framan og á lóð

bakatil. Lyfta er milli hæða og hjólastólaaðgengi er til fyrirmyndar. Einnig er góður inngangur beint inn í stigagang bakvið. Geymsla í kjallara fylgja húsnæðinu. Salerni og eldhúskrókur eru á báðum hæðum. Húsnæðið stendur nú autt en Reykjavíkurborg greiðir enn leigu samkvæmt leigusamningi í átján mánuði til viðbótar. Á efri hæð Hjarðarhaga má auðveldlega gera þrjá opna danssali (engar súlur) og sturtuaðstöðu. Á neðri hæð er gott rými fyrir skrifstofu og fundaraðstöðu auk eldhúskróks. Rýmið gerir gott betur en að mæta fermetraþörf núverandi starfsemi Dansverkstæðisins sem gefur aukna möguleika á tekjuleigum.

**Faxafen 14** er 1589fm heilsuræktarrými á 2. hæð í Skeifunni. Húsnæðið skiptist í tækjasal, þrjá opna sali, 6-8 meðferðarherbergi, karla/kvenna búnings- og sturtuaðstöðu, skrifstofur og móttöku. Lyfta er í húsinu og ágætt hjólastólaaðgengi. Þá eru næg bílastæði við húsið allt um kring. Inngangur er að framanverðu en gengið er beint upp stiga á aðra hæð. Húsnæðið hentar að mörgu leyti starfsemi Dansverkstæðisins en er of stórt og krefst mikils kostnaðar að standsetja þar sem einungis væri um bráðabirgðahúsnæði að ræða. Stúdíóin eru mörg hver óregluleg í laginu eða með súlum sem gerir það að nokkuð erfiðu æfingarárými. Þá er húsnæðið ekki miðsvæðis og staðsett í iðnaðarhúsahverfi sem hamlar aðgengi að greininni.

**Ármúli 10** er 223fm skrifstofu og þjónustuhúsnæði á annarri hæð við Ármúla í Reykjavík sem hýsti áður Ármúlaskóla en stendur nú autt. Húsnæðið er innréttað sem einn 100fm salur, ein stór skrifstofa, þrjú skrifstofurými, kaffistofa og móttökurými. Góð bílastæði eru við húsið allt í kring. Inngangur er ekki sýnilegur að framanverðu og aðgengi því nokkuð ábótavant. Þá er húsnæðið ekki miðsvæðis og að sama skapi töluvert minna en núverandi rýmisþörf Dansverkstæðisins.

**Hólmaslóð 4** er 1117fm iðnaðarhúsnæði úti á Granda laust til notkunar og skiptist upp í tvær einingar. Annars vegar 411fm skrifstofuhúsnæði sem skiptist upp í sex aflokuð rými og hins vegar 706fm skrifstofuhúsnæði sem skiptist upp í fjölda skrifstofa. Húsið er allt til sölu en hæðirnar eru leigðar út til langtíma meðan á söluferlinu stendur. Neðri hæðin er sem stendur öll í útleigu en efri hæðin er laus. Þá er möguleiki að byggja inndregna þriðju hæð. Húsið er stórt og sýnilegt og staðsett úti á Granda þar sem mikil uppbygging á sér stað. Í nágrenninu má finna ýmiskonar vinnustofur listamanna, Marshall húsið, líkamsræktarstöð og jógaútdíó, veitingahús og bari. Húsið hefur gott aðgengi, bílastæði eru næg, þá er lofthæðin góð og stórir

gluggar prýða aðra hæðina. Talsverðar breytingar þyrftu þó að koma til svo húsið henti starfsemi Dansverkstæðisins en það er allt niðurstúkað sem stendur, parket- og teppalagt. Líkt og áður er spurning hvort svo mikill standkostnaður sé ákjósanlegur fyrir húsnæði sem er aðeins hugsað til skamms tíma. Þá má velta því upp hvort húsið gæti hentað sem framtíðarhúsnæði yrði það keypt í heild sinni og tekið í gegn. Kaupverð hússins er um hálfur milljarður og heildarflatarmál þess yrði þá 2052,7fm auk áður nefnds möguleika á þriðju hæð.

#### **4.2.2. Framtíðarhúsnæði**

Áætluð heildarrýmisþörf fyrir starfsemi danshúss er á bilinu 3500-4000fm en húsið þarf jafnframt að vera að minnsta kosti tuttugu metra breitt til að þar geti rúmast leikhús. Lofthæð í æfingasölum þarf að vera þrír til fjórir metrar, rýmin þurfa að vera björt og laus við burðarsúlur. Þá þarf danshús að vera staðsett í miðborginni, í lifandi umhverfi nálægt öðrum menningarstofnunum og menntastofnunum í dansi. Falletg og vel hannað danshús hefur aðdráttarafl í sjálfu sér og vekur áhuga á starfseminni sem þar fer fram, sbr. tónlistarhúsið Hörpu. Það felst í orðanna hljóðan að töluvert flókið getur verið að finna húsnæði sem fellur að þessum skilyrðum. Þó koma nokkur til greina. Hér á eftir verða þau húsnæði sem hafa möguleika á að hýsa danshús samkvæmt þarfagreiningu danslistamanna útlistuð.

**Gamla mjólkurstöðin** sem nú rúmar hluta af Þjóðskjallasafninu við Laugaveg er 4400 fm. Hún er byggð sem framleiðslurými með stórum söllum og rúmri lofthæð með gluggum á öllum hliðum. Breidd hússins er tuttugu og sex metrar og ef leikhús er byggt í gegnum kjallara og fyrstu hæð næst sjö metra lofthæð. Gamla mjólkurstöðin er staðsett rétt fyrir ofan Hlemm, miðja vegu milli Þjóðleikhúss og Borgarleikhúss. Ekki er langt í Listaháskóla Íslands, Listdansskóla Íslands, Jazzballettskóla Báru og Klassíska Listdansskólann. Svæðið ofan við Hlemm þar sem mjólkurstöðin er staðsett er jafnframt í mikilli þróun og uppbyggingu. Nýlega voru reistir þar stúdentagarðar og þá opnaði Hlemmur Mathöll í ágúst. Starfsemi danshúss fellur vel að skipulagshugmyndum svæðisins þar sem gert er ráð fyrir íbúabyggð, smáverzlunum, veitingastöðum og menningarstarfsemi. Þetta er falletg og reisulegt hús með sérstætt útlit. Með núverandi starfsemi er athygli vegfarenda ekki beint að þessu fallega húsi heldur að aðalinngangi Þjóðskjallasafnsins nær Hlemmi. Stjórnmálamenn hafa bent á að starfsemin hæfir ekki húsakosti og lýst yfir vilja til að selja húsnæðið (Arnildur Hálfðánardóttir, 2016; Kristján Sigurjónsson, 2015) Með starfsemi danshúss fengi mjólkurstöðin andlitslyftingu og þá athygli sem húsinu hæfir. Aðstandendur Samtaka um

Danshús eru sammála um að húsið gæti hentað starfseminni fullkomlega og arkitektar hafa að sama skapi staðfest möguleika hússins hvað varðar uppbyggingu danshúss.

### **Brim húsið**

Brim húsið er í eigu Guðmundar Kristjánssonar forstjóra Brims. Það er fyrrum vöruskemma ríkisskipa og síðar útgerðarstöð Jóns Ásbjörnssonar og stendur á bakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Húsið hefur að mestu staðið ónotað að undanfögnu en þó verið notað undir ýmiss konar viðburði, dans og leikverk, innsetningar, opnanir og aðra listviðburði. Húsið er stórt og hefur alla burði til að rúma þá starfsemi sem ætluð er danshúsi. Það er miðsvæðis og staðsett mitt á milli Grandans og miðbæjarins en á báðum stöðum á sér stað mikil uppbygging. Brim húsið er að mestu eitt opið rými með fáum gluggum. Því þyrfti að hólfa það af í stúdíó, skrifstofur og leikhús og setja glugga á hliðarnar. Möguleikarnir eru margir þegar kemur að Brim en húsið er í einkaeigu og því þyrfti að koma til svipaður vilji af hálfu eigenda og í tilfalli Marshall hússins. Þar gerði HB Grandi samning við Reykjavíkurborg um stuðning við myndlistartengda starfsemi í húsinu. Slíkir samningar hafa verið bæði eigendum og leigjendum þess til framdráttar. Danshús í Brim húsinu gæti orðið mikil upplyfting fyrir gömlu höfnina og væri góð viðbót við flóru veitingastaða og hönnunarbúða sem þar er að finna fyrir.

### **Byggingarreitir úti á Granda**

Til viðbótar við þau húsnæði sem nefnd eru hér að ofan hafa aðstandendur Samtaka um Danshús kannað möguleikana á því að byggja danshús frá grunni. Í því tilviki hefur verið horft til tveggja lóða úti á Granda sem hafa mikla möguleika. Í því samhengi verður þó að nefna að það er alltaf kostnaðarfrekt að byggja frá grunni og því afar ólíklegt að slík bygging muni rísa í nánustu framtíð sé horft til fjárútláta menningar- og menntamálaráðuneytisins. Sé litið til erlendra danshúsa þá eru þau flest í gömlum byggingum s.s. verksmiðjum sem gerðar hafa verið upp til að henta starfsemi danslistamanna. Danshús fellur vel að þeirri starfsemi sem er að byggjast upp á Granda og svæðið býður einnig upp á möguleika til stækkunar þegar fram líða stundir. Það er því vel hugsanlegt að danshús, með aðstöðu fyrir Íslenska dansflokkinn, sjálfstæða dansgeirann og leikhúsi fyrir danssýningar finni sér stað á þessu svæði á komandi árum.

## 5. Skipulagning dansárs


Þegar svo margar einingar sömu listgreinar eru settar undir sama þak líkt og ætlað er í tilfelli danshúss gefur það augaleið að skipulagningar er þörf. Utan þess tíma og rýmis sem fastir íbúar hússins munu þurfa er ætlunin að leigja sali og stúdíó til hvers konar hreyfitengdrar starfsemi, skoða samstarf við hátíðir líkt og Lókal, Iceland Airwaves og Listahátíð í Reykjavík, hafa opna þjálfunartíma og námskeið og aðra viðburði líkt og ráðstefnur og kynningar. Það er því í mörg horn að líta. Út frá þarfagreiningu vinnuhóps, vinnuáætlun, dagskrá Íslenska dansflokksins og Dansverkstæðisins auk Reykjavík Dance Festival hefur rannsakandi sett saman drög að því hvernig fyrsta starfsár í danshúsi gæti litið út.

### 5.1. Stúdíó

Líkt og áður hefur komið fram er ætlunin að í danshúsi verði fimm misstór stúdíó. Þrjú þeirra verða á vegum Dansverkstæðisins sem framleigir æfingarými til sjálfstæðra danshópa og annarra verkefna eftir því sem við á. Eitt stúdíóið verður minna en hin og er ætlað í jóga, pilates, og teygjur, m.ö.o. verkefni og iðkun sem þarf minna rými. Tvö stúdíó verða fullbúin æfingastúdíó með hljóðkerfi og skjávarpa, ætluð sem æfinga og vinnuaðstaða hverskonar danshópa. Þess til viðbótar verða tvö stúdíó ætluð Íslenska dansflokksnum. Flokkurinn getur framleigt rýmin eftir því sem við á, hvort sem hann er á sýningarferðalagi eða við æfingar á sviði. Með framleigu á stúdíóum skapast auknir tekjumöguleikar bæði fyrir Dansverkstæðið og Íslenska dansflokkinn sem gerir báðum einingum auðveldara fyrir að borga húsaleigu og hækka tekjur.

Sé stúdíórýmum og almenningi skipt gróflega upp eftir mánuðum (sjá töflu 1) má sjá að langmestur meirihluti tímans mun fara undir margvíslega starfsemi Dansverkstæðisins og Íslenska dansflokksins. Ætlunin er að almenningur muni rúma veitinga- og kaffihús en þess utan sé hægt að leigja rýmið til annarskonar viðburða þegar það eru ekki sýningarkvöld. Það kemur til greina að sjálfstæður verktaki taki að sér veitingasölu og/eða skipulagningu viðburða í almenningi og greiði danshúsi leigu fyrir afnot af rýminu. Þó Dansverkstæðið og ÍD séu máttarstólpar í starfsemi danshússins þá er Reykjavík Dance Festival haldin þrisvar yfir árið og rýmum til hátíðarinnar er úthlutað eftir því. Festivalið hefur þannig ákveðinn tíma til umráða bæði í stúdíórýmum og leikhúsi í kringum hverja hátíð. ÍD fer í sumarleyfi í lok maí. Því er áætlað að í júní og júlí sé hægt að leigja út stúdíóin hvort sem er til sjálfstæðra danshópa eða annarrar starfsemi eftir samkomulagi.


**Tafla 1 - Skipting stúdía eftir mánuðum**



## 5.2. Leikhús

Á töflu tvö má sjá niðurröðun tíma á leikhúsi. Gert er ráð fyrir þremur uppfærslum íslenska dansflokksins á ári og sjö uppfærslum á sjálfstæðum danssýningum. Þá er gert ráð fyrir að Reykjavík Dance Festival fái fjórar vikur í ágúst á sviði fyrir uppsetningu og æfingu á þeim verkum sem tekin verða til sýninga á hátíðinni. Að auki fær hátíðin eina viku í nóvember og tvær vikur í febrúar til ráðstöfunar. Í júní og júlí verður möguleiki á annars konar starfsemi, gestasýningum og erlendum verkum sem leigja leikhúsið eða borga prósentu af miðasölu eftir samkomulagi. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur vikum á ári utan sumartíma í annarskonar starfsemi, s.s. annars konar danshátíðir eða hvers konar útleigu á leikhúsi. Gert er ráð fyrir tveimur frívikum á dansárinu, um jól og páska. Samtals er gert ráð fyrir um tíu frumssýningum á ári eða tæplega einni frumssýningu á mánuði.

**Tafla 2 - Skipting leikhúss eftir mánuðum**



## 6. Uppbygging áhorfendafjölda

Nokkur rými í Reykjavík hafa fengið andlitslyftingu á síðustu árum og orðið að föstu heimili listgreina. Íslenska óperan og Sinfóníuhljómsveit Íslands fluttu ásamt öðrum í Hörpuna í maí 2011. Íslenska óperan flutti úr Gamla bíói og Sinfóníuhljómsveitin úr Háskólabíói. Með tilkomu Hörpu varð ljóst að báðar stofnanir myndu þurfa að auka verulega við áhorfendafjölda sinn. Steinunn Birna Ragnarsdóttir listrænn stjórnandi Íslensku óperunnar segir aðsóknarmestu sýningu óperunnar vera fyrsta uppfærslan árið 1979. Þá sáu yfir 23.000 manns Sígauanabaráóninn í Gamla bíói. Það aðsóknarmet hefur ennþá ekki verið slegið. Aðsókn náði hins vegar miklum hæðum í fyrstu uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu enda var mikil eftirvænting meðal fólks að sjá sýningar í nýju tónlistarhúsi. Í tilfelli óperunnar var aðsóknin yfir meðallagi fyrstu þrjú árin en fór svo dvínandi og náði jafnvægi fjórum til fimm árum eftir opnun Hörpu. Að jafnaði sækja fimm prósent Íslendinga viðburði Íslensku óperunnar árlega sem telst mjög gott.


Tjarnarbíó er annað dæmi um íslenskt menningarhús sem sambærilegt væri danshúsi. Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri segir mikinn vöxt vera í starfsemi Tjarnarbíós þegar litið er á miðasöluveltu og áhorfendatölur sem fari stöðugt vaxandi og séu „næstum í veldisvexti“ í húsinu: „Það er 20% aukning milli ára og í ár var 32% aukning í miðasöluveltu“.

Í tilfelli Marshall hússins er of stutt frá opnun til að hægt sé að kortleggja áhorfendafjölda fyrir og eftir flutning Nýlistasafnsins og Kling og Bang.


Hvað erlend danshús varðar þá gekk erfiðlega að safna saman áhorfendatölum og fá svör frá starfsfólki sökum sumarleyfa. Svör fengust frá Dansehallerne í Kaupmannahöfn. Þar má greina sömu áhorfendakúrfu og hjá Íslensku óperunni hvað varðar áhorfendaaukningu fyrstu árin (sjá töflu 3). Árið 2012 sameinuðust Dansens Hus og Dansescenen og fluttu inn í Dansehallerne, sem var gamalt verksmiðjuhúsnæði. Áhorfendafjöldinn jókst um rúm fimmtíu prósent milli ára, frá 10.943 upp í 16.441. Næstu ár fór áhorfendafjöldinn dvínandi en virðist nú hafa mettast og náð jafnvægi en 2016 voru áhorfendur 15.858.

Ef litið er til áhorfendafjölda Reykjavík Dance Festival má sjá gríðarlega aukningu milli áranna 2014-2015, úr 2.728 upp í 13.400. Hann dvínaði örlítið 2016 og fór niður í 12.000. Sé áhorfendafjöldi RDF 2016 síðan borinn saman við aukningu líkt og fyrstu starfsár Dansehallerne gæti áhorfendafjöldi hátíðarinnar verið á bilinu 12-18.000 manns fyrstu árin í danshúsi.

**Tafla 3 - Dansehallerne áhorfendafjöldi 2010-2016**




**Tafla 4 - Reykjavík Dance Festival áhorfendafjöldi 2013-2016**



Það sama á við um áhorfendatölur Íslenska dansflokksins sem jukust gríðarlega milli ára 2015-2016 eða frá 6.996 upp í 25.093. Árið var nokkuð einstakt hvað það varðar en þessa miklu fjölgun áhorfenda má að einhverju leyti rekja til samstarfsverkefnis ÍD og Borgarleikhússins vegna sýningarinnar Njálu. Sýningin fékk tíu Grímuverðlaun og var meðal annars valin sýning ársins og hlaut gríðarlega góða aðsókn. Á töflu 5 má sjá þróun áhorfendafjölda Íslenska dansflokksins innanlands 2012-2016. Sé áhorfendafjöldi ÍD 2016 borinn saman við mest fimmtíu prósentu aukningu Dansehallerne gæti áhorfendafjöldi hátíðarinnar verið á bilinu 25.093-37.640 fyrstu árin. Sé hann borinn saman við árið þar á undan þar sem fjöldinn er heldur minni gæti hann farið úr 6.996 og upp í rúmlega tíu þúsund eða 10.494 fyrstu árin.

**Tafla 5. Áhorfendatölur Íslenska dansflokksins innanlands 2012-2016**



Sjálfstæðu leikhúsin (SL) hafa undanfarin ár séð um söfnun áhorfendatalna hér á landi fyrir hönd danslistarinnar. Þau svör fengust frá skrifstofu SL að söfnun á áhorfendatölum hafi legið niðri um einhvern tíma sökum tímaskorts. Því var ekki hægt að bera saman áhorfendaaukningu sjálfstæðra danshópa í þessari rannsókn. Danshús í Helsinki opnar 2020 og ekki fengust svör frá öðrum Danshúsum á Norðurlöndum.

## 7. Umræða

Þessi skýrsla var ætlað að taka saman gögn og setja fram upplýsingar er varða uppbyggingu danshúss í Reykjavík og varpa frekara ljósi á stöðu greinarinnar í húsnæðismálum. Þannig hafa verið kynntar mögulegar lausnir í húsnæðismálum, hugmyndir að skipulagningu æfinga og sýningarrýma og loks mögulegur áhorfendafjöldi skoðaður út frá fyrirliggjandi gögnum.

Það liggur fyrir að miklir möguleikar felast í danshúsi bæði fyrir danslistamenn og nærumhverfi en listgreinin er sú eina hér á landi sem á sér ekkert fast heimili. Jafnframt mætti færa rök fyrir því að danslistin sé sú grein sem þurfi hvað mest á rými að halda sökum eðlis síns. Húsnæðisleysi ólíkra eininga innan greinarinnar, s.s. Íslenska dansflokksins og sjálfstæðra danshópa, hæfir hvorki menntuðum danslistamönnum sem starfa hér á landi, né þeim vaxandi fjölda áhorfenda sem sækja sýningar þeirra. Þá gerir húsnæðisleysið það að verkum að danshópar eiga erfitt með að finna sér æfingarými, Reykjavík Dance Festival skortir festu, listdansskólar berjast við að uppfylla námskrá og ÍD reynir eftir bestu getu að sinna því starfi sem tilgreint er í reglugerð flokksins. Þó húsnæði Dansverkstæðisins við Skúlagötu hafi að mörgu leyti verið þarfur vettvangur fyrir sjálfstæða danslistamenn þá voru ýmsir hnökrar á húsnæðinu sem erfitt var að líta framhjá til lengri tíma litið, s.s. smæð stúdíóa, vatnslekar, hljóðmengun og skortur á fundaraðstöðu.


Skuli greininni búin aðstaða við hæfi gefur það auga leið að danshús í Reykjavík er þarft og löngu tímabært skref sem danslistamenn hafa nú barist fyrir í fimmtán ár. Á Norðurlöndum hafa risið danshús við góðan orðstír síðustu ár og í Evrópu hafa slík hús verið til svo áratugum skiptir (sjá mynd 1). Eftir húsnæðisleit og viðræður við fulltrúa ríkis og borgar síðastliðið sumar liggur ljóst fyrir að uppbygging danshúss þarf enn um sinn að bíða. Lítil villi er fyrir því að tryggja greininni starfsöryggi og þær lausnir sem liggja fyrir leysa einungis vandann til skamms tíma. Fulltrúar greinarinnar hafa bent á ýmsa möguleika í stöðunni, allt frá bráðabirgðahúsnæði upp í framtíðarhúsnæði sem hentað gætu danshúsi og ákjósanlega byggingarreiti miðsvæðis. Þá er sterk samstaða innan greinarinnar um mikilvægi þess að danshús rísi í höfuðborginni.

Hvað varðar þá dagskrá sem rúmast skal í danshúsi þá eru möguleikarnir margir þó helstu burðarliðir starfseminnar séu dagskrá Íslenska dansflokksins, Reykjavík Dance Festival og Dansverkstæðisins. Leiga á sölum og stúdíóum munu skapa húsinu auknar tekjur auk þess sem samstarf við ýmiss konar hátíðir, s.s. Iceland Airwaves og Listahátíð í Reykjavík gæti skapað spennandi þverfaglega möguleika. Auk þess er ætlunin að hafa opna

þjálfunartíma og námskeið, ráðstefnur og hverskonar málþing, stunda fræðslustarf og rannsóknir á sviði lista og menningar. Þrátt fyrir að leikhúsið myndi rúma stærstu viðburði hússins, þá er ætlunin að vinnustúdíóin geti sýnt smærri sýningar og verk í vinnslu. Þá geti anddyrið rúmað hvers kyns gjörninga, tónleika og aðra viðburði.

## Mynd 1 - Tímalína nokkurra danshúsa

### Tímalína danshúsa í Evrópu



Áhorfendatölur erlendra danshúsa og sambærilegra menningarstofnana hér á landi sýna að greinanlega aukningu áhorfendafjölda má rekja til flutnings í viðeigandi húsnæði. Þrátt fyrir að sá fjöldi mettist nokkuð með árunum er aukningin þó vel greinanleg. Það rennir stoðum undir þá kenningu, að sé listgrein búið húsnæði við hæfi, aukist áhorfendafjöldi og vægi listgreinarinnar þar með. Danshús í höfuðborginni gæti þannig líka komið til móts við aukna eftirspurn eftir afþreyingu, bæði af hálfu ferðamanna þar sem dansinn er alþjóðleg listgrein, en einnig af hálfu borgarbúa og nærliggjandi svæða.

Í ár fagnar Félag íslenskra listdansara sjötíu ára afmæli sínu. Þó starfsaldur dansara sé ungur þá er greinin sjálf löngu búin að festa sig í sessi hér á landi sem framsækin og spennandi listgrein. Með tilkomu danshúss opnast nýir möguleikar fyrir danslistamenn sem orðið geta að frekari kveikju til framsækni og nýsköpunar og tryggt starfsumhverfi dansara til framtíðar.

## Heimildir

Arnildur Hálfðánardóttir. (2016, 28. desember). Vill að safnið verði áfram í miðbænum. *Ríðv.* Sótt 9. ágúst af: <http://www.ruv.is/frett/vill-ad-safnid-verdi-afraam-i-midbaenum>

Atli Þór Fanndal. (2016, 5. ágúst). Menntamálaráðherra gerir ekkert þótt Listaháskólinn sé í hripleku húsnæði. *Kvennablaðið*. Sótt 8. ágúst 2017.

*Bío Paradís.* (e.d). Um Bíó Paradís. Sótt af: <https://bioparadis.is/um-bio-paradis/>

Boix-Domenech, R., & Soler-Marco, V. (2015). Creative service industries and regional productivity. *Papers in Regional Science*.

Currid, E. (2007). How art and culture happen in New York: Implications for urban economic development. *Journal of the American Planning Association*, 73(4), 454-467.

Félag íslenskra listdansara. (2010). *Dansstefna FÍLD 10/20*. Sótt 6. ágúst af: <http://www.dance.is/sm/u/m/fild-dansstefna-2010.pdf>

De-Miguel-Molina, B., Hervás-Oliver, J. L., Boix, R., & De-Miguel-Molina, M. (2012). The importance of creative industry agglomerations in explaining the wealth of European regions. *European planning studies*, 20(8), 1263-1280.

*Félag íslenskra listdansara.* (2017). Danshús. Sótt 7. ágúst af: <http://www.dance.is/danshus/>

Grodach, C. (2011). Art spaces in community and economic development: Connections to neighborhoods, artists, and the cultural economy. *Journal of Planning Education and Research*, 31(1), 74-85.

*Harpa.* (e.d.). Íbúar Hörpu. Sótt 7. ágúst af: <https://www.harpa.is/harpa/ibuar/>

Hodgson, G.F. (2006). What are institutions?. *Journal of Economic Issues*. XL(1), 1-25

Hutter, M., & Throsby, D. (Eds.). (2008). *Beyond price: Value in culture, economics, and the arts*. Cambridge University Press.

Jóhanna Margrét Gísladóttir. (2012, 14. nóvember). Húsnæði Listaháskólans handónýtt. *Fréttablaðið*. Sótt 8. ágúst 2017 af: <http://www.visir.is/g/2012121119483/husnaedi-listahaskola-islands-handonytt>

Karen María Jónsdóttir og Ólöf Ingólfssdóttir. (2007). *Tillögur að Danshúsi - miðstöð samtímadans á Íslandi*. Félag Íslenskra Listdansara. Sótt af: <http://www.dance.is/sm/u/m/danshus-dansmidstod.pdf>

Kirchner, T.A. og Ford, J.B. (2011). The arts and non profit organizations. *Leadership in non profit organizations: A reference handbook*, 171-179.

Kolb, B.M. (2005). *Marketing for Cultural Organizations*. Thomson Learning. Cork, Írland. (Bls. x).

Kristján Sigurjónsson. (2015, 13. desember). Svæði Þjóðskjallasafnsins verðmætt. *Rúv*. Sótt af: <http://www.ruv.is/frett/svaedi-thjodskjallasafnsins-verdmaett>

Lloyd, Richard. "Neo-bohemia: Art and neighbourhood redevelopment in Chicago." *Journal of urban affairs* 24.5 (2002): 517-532.

Perroux, F. (1955). Prise de Vues sur la croissance de L'économie Francais, 1780-1950. *The review of income and wealth*. 5(1), 41-78.

Porter, M.E. (2000). Location, competition and economic Development: Local Clusters in a Global economy. *Econoic Development Quarterly*, 14(1), 15-34.

*Reykjavíkurborg*. (2016, 29. janúar). Nýlistasafn, Kling og Bang og Ólafur Elíasson í Marshall húsið á Granda. Sótt 7. ágúst af: <http://reykjavik.is/frettir/nylistasafn-kling-og-bang-og-olafur-eliasson-i-marshallhusid-granda>

- Sewell, W.H. (2004). *Practicing History: New directions in Historical Writing after the Linguistic Turn*. Gabrielle Spiegel (ritstj.) Routledge
- Sigurðardóttir, M. S., & Young, T. (2011). Towards Creative Iceland: building local, going global. *Quantitative and qualitative mapping of the cultural and creative sectors in Iceland*. Reykjavík: ÚTÓN. Accessed February, 4, 2014.
- Stern, M. J., & Seifert, S. C. (2010). Cultural clusters: The implications of cultural assets agglomeration for neighborhood revitalization. *Journal of Planning Education and Research*, 29(3), 262-279.
- Strom, E. (2002). Converting pork into porcelain: Cultural institutions and downtown development. *Urban affairs review*, 38(1), 3-21.
- Spencer, G.M. Vinodrai, T., Gertler, M.S. og Wolfe, D.A. Do Clusters make a Difference? Defining and Assessing their Economic Performance. *Regional Studies*, 44(6), 697-715.
- Vernon, R. (1966). International investment and international trade in the product cycle. *The quarterly journal of Economics*, 80(2), 190-207.